

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 43/2016

2017/EES/66/03

frá 18. mars 2016

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1408 frá 19. ágúst 2015 um leyfi fyrir DL-meþíónýl-DL-meþíóníni sem fóðurukefni fyrir fiska og krabbadýr <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1414 frá 20. ágúst 2015 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 136/2012 um leyfi fyrir natrumbísúlfati sem fóðurukefni fyrir gæludýr og fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1415 frá 20. ágúst 2015 um leyfi fyrir astaxantíni sem fóðurukefni fyrir fiska, krabbadýr og skrautfiska <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1416 frá 20. ágúst 2015 um leyfi fyrir natrumbísúlfati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 2zzc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 136/2012):  
  
„, eins og henni var breytt með:  
  
– **32015 R 1414:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1414 frá 20. ágúst 2015 (Stjútíð. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 3).“
2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 153. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1399):

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 219, 20.8.2015, bls. 3.<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 3.<sup>(3)</sup> Stjútíð. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 7.<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 11.

- „154. **32015 R 1408**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1408 frá 19. ágúst 2015 um leyfi fyrir DL-meþíónýl-DL-meþíóníni sem fóðurukefni fyrir fiska og krabbadýr (Stjtið. ESB L 219, 20.8.2015, bls. 3).
155. **32015 R 1415**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1415 frá 20. ágúst 2015 um leyfi fyrir astaxantíni sem fóðurukefni fyrir fiska, krabbadýr og skrautfiska (Stjtið. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 7).
156. **32015 R 1416**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1416 frá 20. ágúst 2015 um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 220, 21.8.2015, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/1408, (ESB) 2015/1414, (ESB) 2015/1415 og (ESB) 2015/1416, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.